þar höfuðit með. Ok þá þeir sitja at borðum, tekr einn Styr's manna höfuðit upp, ok segir þetta sè geysi feitr sauðr. Styr'r lítr til, ok skoðar höfuðit ok mælir: þetta er furðu mikit höfuð, eðr sýnist öðrum sem mèr, at ekkert er auðkenni á eyrum; þeir segja svo vera. Styr'r mælti: veiztu eigi, Þórhalli, at vèr sveitarhöfðingjar höfum í lög sett, at hverr maðr hafi eitt mark á fè sinu? en þetta er ómerktr sauðr. Þórhalli kveðst þat vel vita, en segir, at sauðr þessi hafi gengit heima í töðum, síðan hann var lamb, ok hafi menn því eigi hirt at marka hann. Styr'r mælti, at samt hefði honum borit at sýna hann nágrönnum sínum, svo þeir heri vitni hèr um. Þórhalli segir, at hvorki þeim nè öðrum sè þat dult, því saðrinn hafi helgat sik hans eign, þar hann hafi heima við bæinn gengit fyrir allra augum óátalít. Styr'r segir, at þat hæfi þó eigi bændum, at kasta orðum sveitarhöfðingja undir fætr sèr svo gálausliga, ok hafi hann óptsúnis eigi látið minni sakir óhegndar. Þorgerðr kemr at í þessu, ok segir, at þat sè ójöfnuðr stórr, at Styr'r kenni bónda sínum þjófnað, ok launi þannig góðan greiða, sem menn hans hafi margopt illa þegit; verðr hún óðamálug mjök, en Styr'r svarar fáu, en safnar reiði, ok segir, hann muni eigi líða bændum lagabrot órefst, ok svo kunni hèr at verða. Skiljast þeir síðan, ok líkar hvorutveggjum allilla.

Nú hugsar Þórhalli um þetta mál ok þykir þúngs af von, þar sein Styr'r er; mágar ok frændr hans voru í Borgarfirði, ferr hann suðr um haustið seint, ok spyr þá ráða: Kleppjárn, Illuga svarta, ok Þorstein Gíslason, mág sinn. Þeir ráða honum til at færa sik burt úr héraðinu, ok sæta eigi lengr álögum Styr's, því eigi megi vita nema hann biði listyón af hans völdum, ok bjóða honum þangat suðr til sín, svo hann sè óhultari fyri Styr, ok skuli hann flytja sik at vori. Þetta boð þekkist Þórhalli, ok þykir allgott ráð; ferr

1) I *Texten* staaer að el. at, men i *seloc Excerpterne* af *Membranens* sjeldne *Udtrykmauder* staaer af, *hvilket sandsynligviis er rigtigere.*

heim til sin vestr, ok lætr eigi á þessu bera, ok lifr nú svo af vetrinn. Vorit var kalt ok vindasamt, ok víða hart milli fólks, var því illt til hesta, ok komu grös seint upp. Lætr Þórhalli ekkert á sínu áformi brydda, ok bítr fram til alþingis, þartil Styrr er ridinn heiman, ok vill þá flytja allt sitt suðr; en Styrr fær þó njósnir hér um. Nú spyr Þórhalli, at Styrr er heiman farinn; ok hërum eptir tvo daga¹ tekr hann sik upp, ok flytr nú fyrst búsgögn sín, hefir hann meðferðis íx klyfjaða hesta ok einn húskarl með, sem Íngjaldr hët; ætlar hann í næstu ferð at flytja sik alfarit með konu ok börnum. Styrr hefir fengit grun af fyrirætlun Þórhalla, snýr af vegi sínum, ok sezt í veg fyrir hann sunnan í heiðarbrekkunum, þar hann veit at leið Þórhalla liggur um; Styrr reid við fimta mann. Nú kemr Þórhalli með húskarli sínum vestan af fjallinu ofan í brekkurnar; húskarlinn var betr skygn en Þórhalli, ok segist sjá þar menn í einni brekku, ok segist ugga, hvort allt muni trútt, ok mætti vel ske at hér væri Styrr. Þórhalli segist vera fyrri því óhræddr. Þá þeir koma nokkru nær, segist Íngjaldr þekkja at þetta er Styrr, ok muni hann nú hafa eitthvat illt í sinni, þar hann lagi svo ferðum sínum, ok segir þat sè bezta ráð, at þeir snúi aptr, því þó þeir hefði hesta lúnari, þá megi enn vel takast at ríða undan þeim vestr af fjallinu, ok þá verði þeim nóg til manna-styrks. Þórhalli vill þat eigi, ok segist aldrei skuli svo hræddr, at hann renni undan mönnum, þó fleiri sè, ok bindi svo með hræðslu sakir at sjálfum sèr, viti hann eigi heldr, at hann hafi gjört þær sakir við Styr, at þess sè verðar, at hann leitir eptir bana sínum. Íngjaldr vill samt til baka ríða, því hann hafi skjótari hest, ok alla sèr manna, ef þeir kunni at þurfa, sem sèr sýnist, ok viðskipti þeirra yrði eigi svo skjót. Þórhalli segir hann megi því ráða, því ef Styrr hafi víg í hug, muni hann eptir sèr sækja heldr en honum. Ríðr nú Íngjaldr til baka þat hraðast hann getr, en Þórhalli rekr áfram hestana sína leið, ok lætr sem hann verði

1) at m. m. *Forf.*

eigi þeirra varr. Þegar þeir sjá Þórhalla, skunda þeir á hesta sína ok ríða í veg fyrir hann; mæfast þeir Styrr, ok heilsar Þórhalli honum vingjarnliga. Styrr spyr, hvat valdi þessum tiltektum hans, at sèr lítist hann vili flytja sik or héraðinu. Þórhalli segist því sjálf ráða, þó hann leiti sèr betri bólfestu, en kveðst eigi kunna skil á, því hann mæti Styr hèr. Styrr segist svo hafa til ætlat, at þeir fyndist hèr, ok at þat yrði fundr þeirra hinn seinasti. Þórhalli segist eigi vita sik hafa þat til saka gjört, at hann þurfi at banna sèr leið sína, ok eigi vænti hann þess, at hann siti eptir lífi sínu. Styrr mælti, at svo minntist hann seinasta viðtals á Jörfa, at eigi þyldi hann honum lagabrot eðr nokkra skapraun við sik, ok sè nú eigi annars kostur en verja sik. Þórhalli segist eigi flýja mundu. Sækja nú menn Styr at honum í ákafa, en Styrr gefr sik eigi at; verst Þórhalli vaskliga ok veitir þeim mörg sár, en verðr ákalliga möðr, því maðrinn var við aldr; gengr svo nokkra stund, at þeir sækja, en vinna hann þó eigi, ok verða allir móðir; þá kalla þeir at Styr, at hann komi ok siti eigi hjá, en seli sik í hættu; hleypr nú Styrr at, ok skiptast þeir ei mörgum höggum, áðr Styrr höggv með öxi aptan í höfuð Þórhalla, ok fellir hann þar; riðr þaðan burt sem skjóttast, en lætr reka alla hestana heim at Hrauni, ok ferr leið sína til þings, ok gjörir ekki orð á þessu. Frèttist þetta nokkru síðar um sumarit í Borgarfjörð, ok þótti vinum ok mágum Þórhalla sèr nærri höggvit, ok fara stór orð frá þeim um haustið. En þá Styrr heyrir þat, kvað hann vísu, í hverri innihaldit var orðtækil: eigi verðr þat allt at regni, er rökkr [í lopti¹, ok svo mundi fara um hótanir Borgfirðinga.

8. ²Í þann tíma³ gjörðust þau góð tíðindi á landi hèr, at forn trúa var niðr lögð, en réttir síðir upp teknir, létu þá margir ríkir bændr byggja kirkju á bæ sínum; þeirra einn var Styrr, ok lét hann kirkju reisa at Hrauni. Sú

1) Disse to Ord udelødes i Forfatterens Excerpter bag ved Uddraget, samt i R. 2) byrjar kap. (i Membr.). Forf. 3) Aars-tallet 1000 i Margen.

var trúa á tímum þeim, at sá, er kirkju lét gjöra, ætti ráð á svo mörgum mönnum at kjósa til himnaríkis, sem margir gæti staðit innan kirkju hans¹. Þórhalli lét tvö börn eptir sik, hēt annat Gestr, en annat Áslaug, þau voru bæði úng þá faðir þeirra var veginn, varð því eigi af² eptirmálum, ok liða nú svo tímar fram. Gestr var smár vexti ok seinþroska, ok þótti því mönnum lítil þreks von at honum. Kom nú sá bóndi at Jörfa, sem þorleikr hēt, ok hēt hann samt uppi gistingu við Styr; óx þar Gestr upp með honum. Eptir nokkur misseri ber svo við, at bændr tveir í Borgarfirði, sunnan³ Hvitá, verða missáttir af hestagaungu, hēt annarr Halldórr, er bjó á Ferjubakka, hinn hēt Höskuldr⁴, er bjó á næsta bæ. Hestar Halldórs gengu opt í høgum Höskuldar, ok eitt sinn, er þeir höfðu gjört þar nokkurn usla, varð Höskuldr afarreiðr, ok hljóp heim á bæ Halldórs ok illyrtist við hann; var við sjálft búit þeir mundi berjast, en Höskuldr drepa hestana, því þeir gengi sèr til óhelgis. Styrr var mikill vinr Halldórs; hann skaut þessu máli undir hans gjörð, ok því samþykktist hinn. Sendir Halldórr boð vestr Styr, vin sínum, um haustið, at semja þessa deilu þeirra á millum. Styrr segist koma vilja, en verða þó at biða þess, at vatnavextir múnki ok ísa leggi; ferr hann nú at heiman um vetrnætr, fylgir honum þorsteinn, sonr hans, sem þá var fullorðinn at aldri, ok nokkrir menn fleiri; gistir hann á Jörfa, sem hann var fyrri vanr, þá hann ferr suðr um; tekr þorleikr vel við honum, ok yfir borðum mælti hann til Styrs: þat virðist mönnum þú hafir fyrir litlar sakir vegit þórhalla, stóð hann þèr jafnan fyrir kosti, ok vissu allir, at sú sök, er þú felldir á hann, var af einfeldni hans, en engri tilverknan; nú eru hèr börn hans úng ok munadarlaus eptir, væri því höfðingskapr at hugga þau í nokkru. Styrr segist vilja sjá sveininn; er hann nú leiddr fyrir Styr, ok lízt honum sveinninn smár í augum sèr, ok

1) Conf. Eyrbyggjas. kap. 31 (*Udg. Cap. 49*). *Forf. Anm.*
 2) að (at), *Forf. Haandskr., R.* 3) skal være: vestan Hvitá, da Gaarden Ferjubakki ligger paa den Side Floden. 4) at m. m. *Forf.*

óvænigr til hefnda. Styrr mælti; eigi hefi ek bætt víg mín hingat til dags, ok verðr þat nú hit fyrsta sinn sem ek þat gjöri; í sumar sögðu gríðkonur mínar þar vera hrút-lamb eitt, grátt at lit, ullarrýjat, er eigi vildi þrifast; nú sýnist mér þat rétt á komit, at sveinn þessi hafi lambit í föðurgjöldin, en eigi mun hann frekara af mér fá. Þorleikr mælti: þetta er hvorki góðmannliga nè höfðingliga mælt, ok hefða ek annarra orða vænt af þèr; er sveininum lítil huggun í þessum svörum. Styrr biðr hann at þegja, ok segir honum muni hentast at skipta sèr eigi meir af þessu, muni svo hljóta at standa sem hann mælt hefir. Þorleiki þykir ráðligast at fella þessa ræðu. Ríðr nú Styrr þaðan suðr á leið, en er von hann muni þar gista, þá hann ferr heimleiðis. Kemr Styrr á Ferjubakka til Halldórs, vinar síns, ok semr með þeim Höskuldi hestadeiluna bótalaust; lætr Höskuldr svo standa, en Halldórr gefr Styr at skiluaði góðan hest gráan, er þeir Höskuldr höfðu mest um deilt, ok skiljast þeir með vináttu; ferr Styrr leið sína vestr.

Af vígi Styrs.

9. ¹Gestr sitr nú hugsu um sitt mál, var hann lítill at vexti ok frárf á fæti, geymdi hann fjár fóstara síns; dag þann, er von var Styrs at sunnan, sat hann at fè ok skepti öxi sína; varð þá sá viðburðr, at blóðdropar nokkrir fèllu á skaptið; hann kvað þá vísu, kemr heim síðan, ok hittir systur sína úti, ok segir frá; hún segir sèr þyki líkast, at einhverjum tíðindum gegni, ok vildi hún þat kæmi niðr í makligum stað; hann kvað enn vísu. Þá þau eru þetta at mæla, ber þar menn at garði, eru þat Styrr ok fylgdarmenn hans, höfðu þeir vöknat í Hitará², en Styrr hafði skúaðan hest, ok var því eigi votr; frost var um daginn; var þeim beini gjörðr, dregnar af þeim brækr ok skóklæði, ok kyndr eldr upp; Styrr sat við eldinn. Þar hafði verit höfð soðning daginn sama, ok stóðu hitukatlar utar á gólfinu, sem soð var í; Áslaug, systir Gest, rekr þar í brækrnar, ok ber út á vegg; eldahúsit var svo lagat, at handraðar

¹) byrjar svo kapitlann (*i Membr.*). *Porf.* ²) at m. m. *Forf.*

voru innan veggja, svo gánga mátti á milli þeirra ok veggjana á baki mönnum; tvær dyr voru á húsinu, lágu aðrar dyr út, ok voru þat laundyr. Förunautar Styr segja, at sparaðr sè eldiviðrinn; hleypr Gestr út, ok sópar saman því eldiviðar sorpi, er hann finnr, ber inn fullt fáng sitt ok kastar öllu á eldinn, ok jafnskjótt öðru fángi, lýstr þá upp miklum reyk í húsin; hleypr Gestr þá í handraðana kring á bak til við Styr, ok höggr með öxi af öllu afli í höfuð honum, bak við eyrat hægramegin, svo í heila stóð, ok mælti: [þar launaði ek þèr lambit grá! hleypr út laundyrnar ok skellir í lás; en Styrr hnígr fram á eldinn; þorsteinn hleypr undir hann, ok þá hann sèr at hann er höggvinn til bana ok örendr, hleypr hann út, ok þeir allir ásamt, eptir Gest. Gestr rennr undan allt at Hitará, áin var rend, ok rann í streing á milli; en með því Gestr var frá, þá stökkkr hann yfir ána. Förunautar Styr komast sumir á miðja leið, ok snúa heim apr, þykir þeim illt at etja berum fótum við klakann; en þorsteinn rennr allt at ánni; stendr Gestr öðrumegin, ok varnar honum yfir at komast; sèr þorsteinn, at fhandmaðr sinn stendr hinumegin, ok vofir yfir höfði sèr; er þar vogun til at ráða, hitt er ok² hæfta at hlaupa á ána, ok snýr við þat apr. En bóndi læsti Styr í húsi, þartil Snorri kæmi, ok sæi sár hans, eptir því sem lög sögðu, ok fengu þeir hann eigi; voru þá send boð Snorra sem skjólast; hann kom, nefndi votta at sárum Styr ok hjó um líkit; ferr síðan þaðan, ok kemr at kveldi til bónda þess, er Snorri hèt, ok hjó í Hrossholti, sagðist hafa með lík at fara ok beiddist greiða; honum var veittur

1) Fra [er udhævet i Forfatterens Haandskrift som Sagens egne Ord, men ikke anført i Excerpterne. I Margen har Forf. sat Aarstallet 1007, og dertil føiet følgende Anmærkning: Því þat er, eptir þessari sögu, seint um haustið; en Eyrbyggja s. cap. 38 (Udg. C. 56) ok annálar setja víg Styr 1008, því þar (er) ei skýrara at orði komizt en þat hafi verit um vetrinn (þat var hit seinasta árit, sem Snorri bjó at Helgafelli; videatur Eyrbyggja saga l. c.).

2) at till. i Forf. Haandskr., men udel. i R., som synes rigtigere.

hann eptir faungum; líkit hafði dregizt nokkut ofan í Haf-sjarðará, ok vöknat til höfuðsins, var því kyntr eldr upp, at þurka þat. Snorri bað fólk at hafa kyrt um sik um nóttina. Bóndi átti dætr tvær, hét önnur Guðrör, hún var xvj, en hin xiv vetra; þær hvíldu báðar í einni rekkju. Þá fólk var allt í svefni, ok góðr tími af nóttu, tók þeirri eldri svo mjök at óróast, at hún brauzt á hæl ok hnakka; hin spyr hvat veldr; hún segir, at hún hafi heyrt mikit sagt af Víga-Styr, en aldrei sèt hann, meðan hann var á lífi, nú sè sèr á engu meiri lýsn, en at sjá hann. Hin svarar, hún skuli eigi mæla svoddan heimsku, at vilja sjá hann nú dauðan, er mörgum stóð mikill ótti af í lífinu, ok biðr hana hætta þessu tali. Litlu síðar vegr hún sama mál, ok tekr nú meir at ókyrrast en fyrri, segist aldrei fá betra færi at sjá hann en nú; hin ýngri vill hamla sem fyrr, en sú eldri ræðr meir; fara nú báðar á fætr, ræðr sú eldri ferðinni, en hin ferr eptir. Styr var rifaðr í húð, en líkit hafði dregizt ofan í ána um daginn, ok var því sprett frá höfðinu; eldrinn var úthrunninn ok glæðr eptir, var ljóst hit efra um húsit, en dymmt hit neðra. Þær gánga hljóðliga inn í eldahúsit, ok stilla nú hægt þángat sem Styr ligg, ok skygnast nú sem best at honum, ok var sú eldri nærgaungulari; sýnist þeim þá Styr rísa við í húðinni, ok kveða vísu¹. Snorri varð varr við, at einhverr var á lóttum, kippir fljóttliga skóm á fætr sèr, ok gengr út til eldahússins, at forvitnast um hvat þær hafist at; en þegar hún heyrir vísuna, bregðr henni svo við, at hún æpir hástöfum, ok hleypr í fáng Snorra; koma menn á fætr ok halda henni, er hún þá svo ær, at fjórir hafa fullt í fangi með hana;

1) Þat var stírt kveðin ok æði draugalig dróttkveðin vísa, alls ólík þessari, sem menn hafa um hönd: "horfinn er fagr farfi", o. s. frv., en þó var sama meining fyrst í henni, ok var þar nefndr litr, en eigi farfi; nefndi þar í Blájuheim eðr þvilíkt, ok eigi býðr hann henni þar í at kyssa sik, heldr segir, at hún muni innan skemmis byggja með sèr í Moldbúaheimi, eðr þvilíkt, ok þat var seinast í henni. *Forf.*

linnti hún aldrei af ópi ok umbrotum alla nóttina, þartil undir dag, þá deyr hún. Snorri segir við bónda, at nú sè verr launaðr greiðinn en hann vildi, ok kveðr þat eigi sína skuld, þó sèr hafi eigi hlýðt verit. Bóndi svarar, at hann hafi enga skuld í, þótt svo illa hafi til tekizt, heldr sè þat ósköp dóttur sinnar. Snorri býst burt hit hraðasta, ok ferr áleiðis með likit, tekr þá at gjöra mikla snjódrifu á móti þeim með frosti; ok þá á daginn liðr, tekr likit at fara illa á hestinum, ok snúast öfugt, gjörist þat þá svo þúngt, at þeir koma því eigi lengra en at eyðihúsum nokkrum á melholti einu, ok þar bera þeir grjótt at því ok dysja; fara þar eptir leið sína, ok er eigi annars getið en þat geugi greitt. Um vorit, þá upp leysir snjó, ferr Snorri eptir líkinu, ok er þá allt tíðindalaust í þeirra ferð; er þat jarðat at kirkjunni undir Hrauni, er Styr hafði sjálfr gera látit; en nokkrum tímum þar eptir, þá kirkjan brann, voru bein haus upp tekin ok flutt at Helgafelli.

10. Nú frèttist víða víg Styr, ok þykir mörgum mikils um vert, at Gestr, svo úngr maðr, er aldrei hafði fyrr víg vegit, skyldi hafa vogat svoddan stórræði, við slíkan ofsamann, er Styr var í lífinu, ok mörgum stóð ógn af, ok þótti þetta mjök hafa farit at málavöxtum. Nú er þat at segja frá Gesti, at þeir þorsteinn skilja þar við ána, renur Gestr suðr á leið til Borgarfjarðar, ok kemr at Mel²; sá hèt Halldórr, er þar bjó, en kona hans var lóðursystir³ Gest. Halldórr spyr, því svo víki við ferðum hans. Gestr greinir allt af vígi Styr, ok biðr hann liðsinnis. Halldórr bregzt stórliga reiðr við, ok skipar honum at dragast burt frá sínum augum hit skjótasta, ok eigi sè honum at vænta liðs hjá sèr, er svo mikit óhappaverk hafi unnit, at drepa Styr, slíkan höfðingja; en kona hans leggur beztu orð til við bónda sinn. Gestr verðr fár við, ok meinar hann muni

1) byrjar kap. *Forf.* 2) *saal. Forf. Haandskr.* — Melum, *R., her menes uden Tøiel Gaarden Mel i Hraunhrepp, Mýra SysseL*
3) systir, *R. og Forf. Haandskr., men i dette sidste rettet ved Forf. egen Haand.*

þenkja sem hann talar, en þat var þó reyndar eigi; er Gestí fenginn hestr á laun, ok nú þykir honum betrast hagr siun, at hann er kominn á hestbak; riðr nú þaðan á leið til Borgarfjarðar, slíkt er hann má, ok hefir eigi marga náttstæði, áðr hann kemr suðr yfir ána; kemr hann síð um kveld at bæ Halldórs, ok drepr á dyr; þar kom húskarl út; Gestr biðr hann at kalla Þórdísi, konu Halldórs, á tal við sik, hún var systrúnga Gestis; hún gengr út, ok kennir eigi Gest í fyrstu; Gestr segir henni, hvat hann á um at vera, ok í hvaða vandræðum hann sè staddr; hún segir honum skuli til reiðu sín hjálp, en hún sè uggandi, hversu bóndi sinn verði við, því hann hafi verit vinr Stýrs, en vili þó freista hvers hún fái við hann orkat; lætr Gest vera í útibúri um nóttina, svo enginn veit af, nema hún ok húskarlínn. Þórdís stendr snemma upp um morguninn, áðr en Halldórr, lætr hún allblítt at honum; hann mælir, at eitthvat munir þessu bliflæti búa, ok muni hún vilja biðja sik einhvers; hún segir, at svo er, ok ef hann láti þessa bón eptir sèr, vili hún í öllu geðþægja honum sem hún getr; segir, at frændi sinn Gestr sè þar kominn, ok leiti hans liðsemdar, ok segir hann hafi vegit Styr í hefnd eptir föður sinn. Halldórr verðr óðamála, ok segir, at ef hann fái fest hendr á Gestí, skuli hann eigi lífs frá sèr komast, er slíkt ódádaverk hafi gjört, at drepa vin sinn ok mesta höfðingja. Þar mátti gánga í kringum innanveggja allt húsit, ok hængu tjöld fyrí sængiuni; Gestr stendr á bak við tjaldit at höfði honum, ok heyrir alla þeirra viðræðu, ok kveðr þá vísni, þeirrar meiningar, at hann væri búinn til at leika við hann sem Styr, ok rjóða báðar kíðr hans í blóði¹; hestr hans stóð sýðlaðr úti fyrir, hleypr hann strax á bak ok riðr at Gilsbakka, til Illuga svartá²,

1) segir í vísunni. *Forf.* 2) Um forfeðr Illuga svartá getr Landnámásaga sú Þrykkta (3: *den Skalholtiske Udgave* 1688. 4.), p. 14 (*Landnámab.* I, 12 *Slutn.*); þar er hann fjórði frá landnámsmanni; en p. 28 et 29 (*Landnámab.* II, 1 og 2) er hann sá þriði; dóttur hans nefnir p. 33 (II, 4 *Slutn.*), en son hans, Hermuð, Kristin-

heilsar honum, ok segir hverr maðr hann sè. Illugi spyrr, hvat títt sè í ferðum hans. Gestr kvað visu. Þá spurði Illugi hann, hversu mikinn áverka hann hefði veitt Styr; þá kvað Gestr¹:

Varat um sár, en sáran
sák² Víga-Styrhníga,
böndum þarf at binda,
beit hjálmastóð þveita;
þá er³ af⁴ brúnar beinum
báglunds Goða mági
unda sæg⁵ í augu
allrauðan sák⁶ falla.

Bíðr hann Illuga ásjár; tekr hann því eigi fjarri, en telr, at sèr sè svo mikil fjölskylda á hendi, at hann treystist varla at halda hann, með slíkum mannfjölda, sem sèr sýnist við þurfa, ok bíðr hann fyrst at fara til Bæjar, og línna þorstein Gíslason. Ferr nú Gestr þaðan ok til þorsteins, kemr þar á áliðnum degi ok drepr á dyr; húskarl einn

dóms saga p. 19 (*Skalh. Udg.* — *Udg.* 1773, C. XI. p. 96) circa 1000; einnig getr Bandamannasaga um Hermund ok haus andlát, en þar er hann nokkut gamall til at vera samtíða Gelli Þorkelssyni; líka Laxdælas. C. 52 (*Udg.* 1826 C. 78 p. 332) um hans afsprengi; um Illuga svarta getr Eyrbyggja s. kap. 9 (*Udg. Cap.* 17) fyrst 982, svo einn ok hinn sami mun þessi Illugi vera, en kannske efanlígt hvort sami, sem Vatnsdælasaga telr vera kominn af Grími landnámsmanni. *Forf. Anm.* — *Den sidste Bemærkning er feilagtig, da Vatnsdælasaga kun beretter, at Illugi hinn svartí stammede fra Hrómundr, Gríms Broder. Denne Slægtforbindelse anföres i Landnámab. II, 2 (I. B. S. 68).*

1) Eptir Eddu Síra Magnúsar Ólafssonar (*id. e. den saakaldte Laulus-edda fra Slutn. af 16de Aarh.*), ok sú hálfá eptirkomandi. *Denne Vise huves ogsaa skreven med Conferentsr. Erichsens Haand i Papirshaandskriftet Nr. 1750. A. i den Nye kongelige Samling i det kongelige Bibliothek i Kjöbenhavn, efter et Pappirshaandskrift i Stockholm, der anföres som Nr. 68 Fol. (her betegnet B.)* 2) saal. A; sák, B. 3) saal. A i Margen, B; þegar, A i Texten, R. 4) Rett. efter *Gjætn.*; í, *Haandskrifterne.* 5) sog, B; laug, R. 6) saal. A; sák, B.

kemr til dyra; þann biðr Gestr at kalla þorstein út. Þorsteinn kemr út, ok spyr Gest at heiti ok tíðindum. Gestr kvað vísu, þess innihalds, at hann hafí vegit Styr¹, ok biðr Gestr hann nú ásjár. Þorsteinn kveðr sèr stóran vanda á þessu, þar svo margir ok miklir eptirmælendr sè, ok illt eitt muni hann hljóta af slíkum óhappamanni, ok er heldr en eigi styggorðr. Gestr kvað vísu, ok enn aðra; þorsteinn segir sèr sè enginn þokki á vísu hans. Gestr kvað enn. Þorsteinn biðr hann hætta því, ok segir hann skuli þó vera hjá sèr náttlángt. Um morguninn sendir hann Gest til Reykja, ok biðr Kleppjárn² at taka við honum; Kleppjárn telur þorsteini þat skyldara, ok hafí hann aldrei heitið at taka við uokkrum vandræðamönnum af honum. Verðr Gestr þar þá nótt, ferr þaðan til þorsteins apr, ok tekr hann þá vel við honum; var hann ýmist með Illuga, Kleppjární eðr þorsteini um vetrinn, þó lengstum með þorsteini, ok höfðu þeir öruggan vara á sèr allan þann vetr; var hjá þorsteini sjaldan færri en lx karla um vetrinn. Líðr nú at vordögum.

Maðr hèt Teitr, at illu einu kenndr, ok var kallaðr Fjalla-Teitr, því hann lá á fjöllum úti, ok lifði hann³ því líkara, sem hann væri illdýri, en hann væri maðr. Kleppjáru var þar sveitarhöfðingi; hann hafði nýbreytni þá, at hann gjörði mannsöfnuð at ná Teiti, ok hafði hann í böndum; vissi enginn hvar til þat skyldi, því hann hafði áðr aldrei látið hafa hendr á honum, þótt hann væri þrátt um beðinn.

1) þetta er helmíngi af vísu, sem Gestr kvað þá, eðr við einhvern annann-vina sinna í Borgarfirði, þá hann var at segja frá vígi Styr:

Gestr hefiræ geitis rastar
galdrs miðjúngi skjaldar,
dundi djúpra benja
dögg, röskligast höggvit.

2) hvort þessi er sami ok Landnámas. nefnir p. 15 (1, 13) tvíla ek, nema hann hafí orðit æði gamall. *Forf.* 2) tilf. *eftr Forfat-terens Excerpter bagved Uddraget; her udelades Ordet.*

a) hefir, A, maaskee ved urigtig Læsning af hefir.

Nú er at segja frá Snorra: hann býr málit¹ á hendr Borgfirðingum, en þeir hafa búit til liðs fyrirfram, ef hann kæmi. Ferr Snorri heiman með flokk mauna, en gjörir áðr orð vinum sínum, at koma til liðs við sik, ok þá þeir eru saman komnir, ríða þeir allir suðr í Borgarfjörð; Borgfirðingar höfðu njósn af ferðum hans, ok hafa liðsafnað fyrir öllum vöðum út til sjáfar, at verja þeim ána. Snorri kemr at ánni vestan fram við Haugsenda, hefir hann viijø manna², en Borgfirðingar xij³. Gestr kvað vísu um morguninn, áðr hann ferr heiman⁴. Snorri ríðr at ánni, ok bíðr þá selja fram vegandan. Þeir svara, at nú hafi þeir svo við búizt, at honum muní eigi kostr at draga Gest úr greipum sèr. Með Snorra eru taldir upp hverir helztir voru ofr-kappsmenn, er mest álfýstu at berjast, svo ok af Borgfirðingum, at við sjálft lá, at þeir mundu berjast yfir um ána; áttu þá margir góðir menn hlut í, at eigi skyldi svo mikill mannfjöldi berjast; ríðu hvorutveggi fram í ána. En Snorri reið fram í eina eyri, sem í var miðri ánni, ok kvað þat lög, at tala þar máli sínu, sem maðr kæmist lengst at hættulansu, ok stefndi Gestí um víg Styr⁵; hrjóta þá margar vísur úr flokki Borgfirðinga til Snorra, einna mest frá Gestí⁶. Snorri kveðst eigi vilja gegna hákyrðum hans, ok sè eigi at undra, þó hann tali djarft úr flokki; sèr [hann þar áorkast ekkert í þetta sinn⁷; suýr hann frá við svo búit, ok ferr vestr leið sína.

1) Aarstallet 1008 í Margen. 2) cece segir Eyrb. s. kap. 38 (Udgaven C. 56); þar var í ferð með honum Vermundr hinn mjófi, bróðir Styr, hann bjó þá í Vatnsfirði; þar var ok Steinþórr af Eyri, o. s. frv.; Eyrb. saga telr þar upp mestu virðingamenn, sem voru með Snorra ok Borgfirðingum. Forf. 3) meir en ve segir Eyrb. s., ok er þat trúligra en hinn mannfjöldinn. Forf. 4) ef eigi tvær. Forf. 5) þessi sömu mál ónýtti Þorsteinn Gíslason fyri Snorra goða um sumarit á alþingi, segir Eyrb. s. kap. 38 (Udg. C. 56). 6) voru tvær at vísu teiknaðar í sögunni, ok í einni þeirra kallar hann Snorra „blauðan“, ok sá „rauðskeggjaði goði“ hafi „ríðit vestan með hött síðan“. Forf. 7) Fra [tilf. efter Forf. Haandskr. og R; feilagtig udeladt í Udgaven (K).

Nú liðr at alþingi. Stýrimaðr einn var þenna vetr í Reyðarfirði í Austfjörðum; nafn hans var Helgi¹; ætlaði hann til Noregs um sumarit; sá var góðr vin Kleppjárns. Þeir Borgfirðingar taka þau ráð, at senda honum Gest til utanferðar. Þá voru höfðingjaskipti orðin í Noregi, ok Eiríkr jarl Hákonarson kominn í stað Ólafs Tryggvasonar²; í hans hirð var Þorsteian, son Siðu-Halls³, hann var vinr Kleppjárns. Kleppjárn sendir honum orð sín at taka við Gest, ok lætr þar með fylgja hring til menja, ef hann vill eigi trúa orðum Gest; leggr Þorsteinn ok Kleppjárn honum fê til farníngar, en Þórdís varð⁴ eigi örþrifráða, gefr hún honum gullhring ok þrjár merkr silfrs; skal Fjalla-Teitr fylgja honum austr, því honum voru allar leiðir kunnar; fara þeir austr fjöll um alþingis tíma⁵ fyrir ofan allar sveitir, verðr því engi maðr þeirra varr. Kemr Gestr þá til Helga stýrimanns, ok tjáir honum sitt eyrindi ok orð Kleppjárns; tekr hann við honum vel, ok á Teitr með at fara; býðr Helgi Gest mestan varnað á, at láta nokkurn af skipverjum sínum verða varan⁶, hverr maðr hann sè, því þar sè nokkrir vinir Styr á skipinu; lofar Gestr lögru um þat, ok svo gengr nokkra daga; en þat efndist þó eigi betr en svo, at einn dag, er Gestr sat á búlka, kvað hann vísu, hvar af skilja mátti, at hann var vegandi Styr; en þá skipsmenn vissu þat, hlupu þeir upp, ok ætluðu at honum, svo Helgi varð at gefa þeim fê til at leggja ekki til hans illt; var síðan allt kyrt í ferðum þeirra; leggja þeir í haf, ok gefr vel byri, ok koma til Noregs. Jarlinn⁷ var þá staddr í Þrándheimi⁸, ok Þorsteinn þar með honum; lætr Helgi Gest aldrei við sik skilja, ferr hit snar-

1) at m. m. *Forf.* 2) ok Ólafr Tryggvason kominn í stað Hákonar, *urigt., R.* 3) at m. m. *Forf.* — heldr en Eiðs Skeggjasonar, *t. R* í *Parenthes*; *hvis denne Angivelse var rigtig, skulde Navnet være Eysteinn istedenfor Þorsteinn (jfr. Landn. b. I, 21, S. 62).* 4) *saal.* (ikke var) *Forf. Haandskr.* 5) *Aarstal 1008 i Mar-gen.* 6) *Forf. Haandskr. og R have ikke við.* 7) Ólafr konúngur, *ur., R.* 8) at m. m. *Forf. Aum.*

asta á fund þorsteins, ok færir honum Gest, með orðum Kleppjárns; þorsteinn tekur því seinliga, fyrr en hann sèr jarðteiknirnar, segist þó eigi voga at láta hann þar lengi vera, vegna vina Styr. Skilst nú Helgi við Gest, ok afsalar sèr, en Teitr ferr með Helga, ok er hann úr sögunni. Gestr er um vetrinn með þorsteini, en um vorit sendir þorsteinn hann til einnar ríkrar ekkju, er bjó norðr í Fjörðum, at menn yrði hans síðr varir. Eigi hreifir Snorri þessu máli á alþingi. Nú vita menn óglögggt, hvat or Gesti er orðit fyrst í bráð; var því eigi samsumars utan farit.

11. ¹Um vetrinn² kemr þat upp, at Gestr muni af landi farinn; eykst sá rómr svo mjök, at menn hafa þat fyri satt. þorsteini Styrssyni þykir sèr skyldast at gjöra hefndina; ferr hann um sumarit³ til Noregs, ok hefir vel fè með sèr, ok gjörir sèr menn vinholla með því um vetrinn; fær hann þá upp spurt, at Gestr er með ekkjunni; um vorit⁴ ferr hann norðr þángat, ok eru þeir saman xvij⁵ á skipi; en svo var til farit, at ekkjan bjó at fjarðar botni. Einn dag, er Gestr var róinn á sæ at togfiski, koma þeir þorsteinn seint um kveld í fjörð þann, er ekkjan bjó í, ok voru alls ókunnir leiðinni; róa þeir skipinu á sker, svo hvolsfr undir þeim, en komast þó allir á kjöl. Gestr var við annann mann á bát, ok sèr þetta, róa þar at, sem mennirnir eru á floti, spyrr Gestr, ef þeir vili björg hafa; þeir játa því fegnir. Gestr segist því ráða vilja, hvat marga eðr hverja hann taki í hvert sinn á bát sinn, at flytja til lands; tekur Gestr eigi fleiri en tvo um sinn, ok ætlar svo til, at þorsteinn tekur hann seinast, sitr hann í öðrum stafni, en Gestr í öðrum, ok hafði yfir sèr loðkápu; þekkir þá hvorr annann. þorsteinn mælti⁶, at nú hafi þeir svo fundizt, at hann hefði kosit at öðruvís hefði at borit. Gestr

1) byrjar kap. *Forf. Ann.* — *Udgaven fortsætter det 10de Capitel.* 2) *Aarstallet 1009 i Margen.* 3) *Aarstallet 1009 i Margen.* 4) *Aarstallet 1010 i Margen.* 5) xvij, *R.* 6) m. m. *Forf. Ann.*

mælti: í öndverðu þekktu ek þik, ok því vilda ek ráða, hvat mörgum yðar ek bjargaði í hvert sinn; vona ek þú munir eigi launa mér því lífgjöfina, at sækja eptirlífi mínu. Geta þeir nú eigi fram komit hefndinni um kveldit, ok þurfa greiða eptir þenna hrakning; veitir ekkjan þeim hann, ok eru þar allir ásamt þá nólt; en þá hún veit þeirra eyrindi, átelr hún þá stórum, at þeir leiti eptir lífi manns síns¹ fyrir litlar sakir, ok launi þannig illu gott; vogar þó eigi at láta Gest vera þar um nóttina, ok sendir hann einum rikum bónda, sem Eiríkr hét, uppá Raumaríki, hersir at nafnbótum²; þángat ferr Gestr. En þeir þorsteinn ok hans félagar standa upp um morguninn ok leita Gests, en finna hvergi; segir ekkjan, at eigi muni þeim auðit at hitta hann þat sinn; fara þeir við svo búit heim aptr, ok þykir ferð sín orðin all-framkvæmdarlítil. Nokkrum tíma síðar³ fréttir þorsteinn hvar Gestr er niðr kominn, ferr nú þángat, ok kemr þar einn morgun snemmendis; bar þá svo við, at Gestr var genginn til vatns at þvo sér; stóð sinn hvorumeginn. Gestir brá eigi vara fyrir þorsteini; en þorsteinn höggv með öxi, sem hann huldi undir skikkju sinni, til Gests, ok stefnir á hann miðjan, bar höggit útaf síðunni, skeiudist Gestr lítið, ok var þat svöðusár. Bóndi vill þegar taka þorstein, ok láta drepa; Gestr biðr hann gjöri þat eigi, segir, at þorsteinn þykist eiga hefnda at leita: ok mun mér þetta fyrir engu standa á lengdar; ok fyrir bænr Gests verðr þat, at þorsteinn er lauss látinn, ok þykir honum nú þessi ferð hálfu ófrægiligri en hin fyrri, verðr þó svo búnu at nua, ok ferr heim.

Gestr sér, at hann getr eigi við haldizt í Noregi fyrir umsátrum þorsteins, ok ferr at vori komanda⁴ suðr í Miklagarð, ok gengr þar á mála með Væringjum; ætlar sik þar heldr óhultari verða. Þorsteini kemr njósn af þessu, ok ferr sama sumar út til Miklagarðs. En þat er síðr Væringja ok Norðmanna, at vera at leikum á daga, ok

¹)saal. Haandskr., R og Udg. ²)m. m. Forf. Ann. ³)Aars-tallet 1010 i Margen. ⁴)Aarstallet 1011 i Margen.

gángast at fángbrögðum; Þorsteinn gefr sik í flokk þeirra, en Gestr þekkir hann nú eigi, bregðr ok eigi vara fyrir honum; gengr Þorsteinn til fangs við hann, ok í því bregðr hann saxi undan skikkju sinni, ok mundar til höfuðs á Gestu, en svo tókst til, at á öxlina kom, ok var þat ógeigvænligt sár; sannast hær þat fornkeðna: at eigi má ófeigum bella, ok skeindist Gestr lífið. Væringjar hlupa upp þegar, ok er eigi annars kostur en Þorsteinn sè þar strax drepinn, því þat voru lög hjá þeim, ef annarr veitti öðrum bana tilræði, þá þeir voru at leikfangi, skyldi sá fyrigjöra lífinu. Gestr fellir bæn at Væringjum, ok gefr þeim hálfst fè sitt Þorsteini til lausnar, segir þeim allan málavöxt ok biðr Þorsteini gríða; eiga þar ok nokkrir menn hlut at, at honum sè líf gefit, ok gjörðu þat þeir menn, er tæðu máli Þorsteins at vilja Gestu, er vissu ættarferð Þorsteins. Nú er Þorsteinn lauss gefinn, biðr Gestr hann nú at láta af at sitja um líf sitt optar, þar hann megi sjá, at honum verðr eigi auðit at koma sèr af dögum, ok fari þat mjök at málavöxtum, því hann hafi eigi sakalaust vegit Styr; Þorsteinn heitir því, en biðr Gest at vitja aldrei¹ á Norðrlönd apr, ok því heitir Gestr, ok efndi. Er nú Þorsteinn orðinn felauss eptir allt þetta, ok gefr Gestr honum fè til ferðar, ok skiljast nú sáttir. Ferr Þorsteinn nú til Noregs apr, ok er þar næsta vetr eptir²; ferr um sumarit³ til Íslands, ok þykir frændum hans ferðin næsta gæfulitil orðit hafa; en Gestr kemr aldrei á Norðrlönd síðan, þótti þar dugandi drengur, er hann var, ok er eigi getið hvort nokkut manna sè frá honum komit⁴. Þorsteinn sezt at þúi undir Hrauni eptir föður sinn, ok hjó þar alla æfi upp þaðan. Nú eru þrír vetr liðnir, sðan Þorsteinn fór utan í föðurhefnirnar, ok eru þeir Gestr úr sögunni.

1) *saal. Forf. Haandskr.* 2) *Aarstallet 1011-12 i Margen.*
 3) *Aarstallet 1012 i Margen.* 4) sýnist þá Gestr at hafa milit-
 erað undir Basilio ok Konstantino. *Forf.*

Nú þykir Snorra halla máli at sér, þar þorsteinn bar eigi auðnu til at koma fram hefðunum, hugsar nú um, hversu hann skuli með hægasta móti ok mianstri mannhættu vinna á Borgfirðingum, frændum Gests, er honum höfðu undan skotið; taka þeir nú til at verða nokkru óvarari um sik en áðr, síðan svo mjök frá líðr falli Styr. Svo hafði til borit, at þrjú skip höfðu komit af hafi um sumarit suðr á Eyrum, var eitt þeirra lekt ok öldúngis ófærandi á sjó; þat seldu kaupmenn þorsteini Gíslasyni, ok þessa varð Snorri viss. Þá kaupstefna er sem óðust, sendir hann frá Sælíngsdalstúngu tvo menn á Eyrar suðr, at njósna um heimaveru þorsteins ok Borgfirðinga; annarr þeirra var Kol-skoggr¹ á Lambastöðum²; ok biðr þá at gjöra sem minnst vart við sik eðr sitt eyrindi, nè leggja þar illt til nokkurs manns, en taka sem grandgæfiligast eptir öllu því, sem þeir heyra talat at þessum mönnum lútandi. Þeir gjöra svo, eru þar tvær nætr ok gjöra lítil kaup, ríða hit skjótasta heim vestr at Sælíngsdalstúngu, ok segja Snorra, at þorsteinn Gíslason hafi keypt hit ófæra skipit, ok ætli at draga þat í sundr á miðvikudag, en sveitarmenn skulu flytja viðinn heim á mánadaginu næsta þar eptir, innan þriggja vikna, ok sè þorsteinn eigi margmennr heima um þessa daga. Snorri sendi orð vinum sínum ok mágum út í Eyrarsveit³, at þeir skulu hittast þann dag, er vj vikur eru til vetrar, en Snorri sendir at tvímánudi sumars⁴, ok skulu þeir hittast í Lækjarskógi í Dölum⁵.

12.⁶ Snorri tekr dagverð at miðjum morgni, ok standa hestar þeirra söðladrir. Hann átti iij sonu, hèt einn Hall-

1) m. m. *Forf.* 2) ellegar þat hefir verit Lambi, eðr Lambason úr Laxárdal; því þó Lambi væri hálfbróðir Ólafs þá, þá var hann 1006 með at drepa Bolla, ok eirea 1018 at hefna hans á Helga Harðbeinssyni, Laxd. s. cap. 38 et 43 (*Udg. C. 55 og 61*), ok getr þat því staðizt aldrsins vegna; nema þat hafi verit Eyjólftr, sonr Snorra, er bjó á Lambastöðum á Mýrum. *Forf.* 3) sem þar eru á nafu nefndir, eigi færri en iv, og eigi fleiri en vj. *Forf.* 4) *Aars-tallet 1012 i Margen.* 5) m. m. *Forf. Ann.* 6) byrjar kap. *Forf. Ann.*

dórr, annarr Guðlaugr, var hann þeirra elztr, ok þóðr sá
 yngsti, var hann þá ix vetra, ok skal hann með fara. Guð-
 laugr var jafnan heinna, ok lét Snorri hann sjálfráðan hvat
 hann starfa vildi, var hann eigi heldr mikit laginn til vinnu;
 hann var siðprúðr ok bænþækinn, ok hœlt vel trú sína, átti
 ok ekki illt við fólk, var hann því eigi lyodislíkr hinum
 bræðrum sínum, en þeir voru glensmiklir, ok köstuðu fyri
 þetta spotti at honum. Snorri gengr til kirkju, er hann
 hafði þar gjöra látid, skein þá sól úr austri; ok er hann
 gengr inn, mætir hann Guðlaugi, ætllar hann þá út at gánga,
 ok hefir á bænum verit eptir venju sinni. Snorri mæltir,
 hvort hann vili eigi fara með sèr at hefna móðurfödur síns.
 Guðlaugr svarar, at hann ætli svo muni vel mannat, at
 eigi þurfi síns liðs við, ok hafi hann eigi skipt sèr af víga-
 ferlum hingat til; megi faðir sinn ráða því, en helzt vili hann
 þó heima sitja. Snorri mælti: ek hefi eigi kallat at þèr
 um verk þín hingat til, ok skaltu þeim sjálfr ráða upp frá
 þessu, ok er mèr vel um gefit þú lvergi farir, ok rækir
 þína siðu. Svo hefir Snorri frá sagt, at hann hafi aldrei
 slíka manns ásjónu sèt, sem Guðlaugs, sonar síns, er hann
 mætti honum í kirkjunni; hafi hann þá verit rauðr sem
 blóð at sjá í andliti, ok hafi sèr svosem nokkur ógn af
 staðit. Guðlaugr fór nokkrum vetrum síðar til Englands,
 gaf faðir hans honum fè með sèr, gekk hann þar í múnka-
 klaustr, færði siðngan lifnað, ok þótti hinn bezti klerkr allt
 til dauðadags. Snorri ríðr nú heiman ok fylgdarmenn hans¹,
 hittuð hann ok hinir þar í Dölum, sem ráð var fyri gjórt,
 ríða síðan allir saman suðr Bröttubrekku; var þetta á laug-
 ardegi; hallar þá mjök at kvöldi er þeir koma suðr af fjalli-
 nu, ríða þeir þá fyrir ofan bæi. Þá mælti Snorri: eigi
 þykkir mèr at, þó nú kæmi þoka. Ríða síðan suðr Hvítár-
 síðu, þá var þoka yfir héraðinu, ok vindr af hafi,

1) Eyrb. segir kap. 38 (*Udg. C. 56*), þeir hafi alls verit xx, ok
 telr upp iv þá helztu, sem þó er ólíkligt þeir hafi svo margir verit
 í þessari fluguféð.

ok úr við; þeir láta nú taka niðr hesta sína, ok ægja; ríða þareptir nokkra stund, tekr þá til at elda aptr, ok heiða upp þokuna, ok sá tíðindi yfir hëraðit. Eigi var fleira manna heima á bæ þorsteins en synir hans, piltir einn, ok kona sú, er embættir fê. Þareptir ríða þeir yfir ána; ok þá þeir komu svo nærri, at sjá mátti gripi við bæ þorsteins, spyr Snorri, hvort þeir sjái fleiri en iij hesta þar heima við túnit, svo sem sêr sýnist; þeir segjast eigi fleiri sjá. Þá mælti Snorri, at eigi mundu þeir mannmargir heima vera. Ríða nú at bænum, ok þá er sól nýrunnin upp, ok sjá þeir slóðina eptir sêr, er þeir gjört höfðn um nóttina yfir ána. Þeir Snorri stíga af hestum sínum á bak við húsin, segir hann einum, er með honum var¹, hann skuli fara uppá skálavegginn hægramegin, því þar hefir hann spurt at þorsteinn liggr undir, ok segir honum at reita þekjuna, ok slita grasit seint, ok taka fast ok jafnt í, líka sem hestr biti; maðrinn gjörir svo. Þorsteinn vaknar, ok kallar til smalapiltsins, ok segir hann muni of skammt hafa rekit hestana frá í gærkvöldi, ok skuli hann fara at reka þá; hönn ansar at eins ok sofnar aptr. Einn heyrir þorsteinn at eitthvat nagar þekjuna, kallar aptr til piltsins, en hann sofnar aptr; ferr þá þorsteinn á fætr út, at forvitnast um þetta, ok er í lúbrókum einum; ok þá hann kemr út úr dyrunum, litast hann um, ok verðr við ekkert varr, ok vill nú skygnast víðar at í kríngum húsin; í því bili hlaupa þeir Snorri at honum; er þar ekki at sökum spurt, ok engu orði kemr hann fyri sik; leggja þeir at honum iij í einu, kemr eitt lagit í kvíðinn, ok fellr hann strax², draga þeir hann nú upp at veggnum, ok biða þar úti hljóðliga, lengist nú þorvarði³ at faðir hans kemr eigi inn, ok

1) minnir mik hétu Þórðr. *Forf. Ann.* 2) *Aurstallet 1012 i Mar-gen, med følgende Anmærkning af Forf.:* „Eyrb. kap. 38 (*Udg. C.* 56) setr víg þorsteins um haustið 1008, kemr þat af því til, at hún hleypr yfir hefuda eptirsókn þorsteins við Gest, ok þau árin. 3) mik minnir hann hétu svo; Eyrb. nefnir Gunnar son þorsteins, ok mun þat réttara. *Forf.*

gengr út, kemr hann engri vörn fyri sik, ok ferr á sömu leið¹. Annarr sonr Þorsteins var ok heima, hét hann Sveinn² ok var ix vetra gamall; lengist honum föður síns³ inn í bæinn, ok heyrir eitthvað hark úti, veit ok eigi hvat um er, kemr hann út í dyrnar, ok er honum svefu í augum. Snorri mælti við son sinn, þórd kausa⁴: sèr köftrinn músina? [úngr skal at úngum vega⁵. Þórd⁶ fóstri hans mælti: þat skal aldrei ske, at svo úngr sveinn sè veginn, ok skulum við undir eins falla háðir. Snorri segir hann skuli ráða, þó sèr sè grunn, at sá sveinn muni einhversstaðar höggva í ætt síua. Bera þeir nú líkin saman í eina kós þar í túninu, skiljast við svo búit, ok hraða sèr í burtu, var þetta á lítilli stundu gjört; lýsa víginu á næsta bæ; ríða nú upp með ánni, ok yfir í Hvítársíðu ok upp frá bæjum, stíga þar af hestum sínum ok taka atfáng, ok leggjast niðr, ok hvíla sik ok hesta sína. Fylgdarmenn Snorra telja þetta óvitrligt, at leggjast niðr í grashögum skamt frá bæjum, en Snorri segir eigi muni til saka; liggja þeir þar fram yfir miðdegi, ok finna smalamann einn; Snorri biðr hann bera kveðju Borgfirðingum frá Snorra goða, ok segja þeir hafi nú gjört sèr greiðara fyrir en næst; ríða síðan vestr fjöll, ok hvert heim til sín, ok þykkir fúrin vel hafa gengit.

Nú er at segja hvat gjörist á bæ Þorsteins: kona hans kemr heim úr seli sama drottinsdags morgun, lítilli stundu eptir þat þeir Snorri eru burt riðnir, ok ætlar at færa þeim feðgum hreinar skyrtur; tvær dætur hennar úngar eru með henni; ríða þær nú at túngarðinum ok stíga þar af baki,

1) man ok eigi at þeir vægi þar fleiri menn. *Forf.* 2) m. m. *Forf.*
 3) *saat. Forf. Haandskr., R. K.* 4) Þórd kausi er hér látinn vera nógu úngr, því eptir Eyrb. kap. 37 (*Udg. C. 55*) sendi Snorri faðir hans hann út til Fróðár 1001, at setja dyradóm yfir aptr-gaungunum.
 5) *Dette Ordsprog anføres ikke i Forfs. Excerpt bag ved Uddraget, skjönt han her udhæver det som Sagaeus egne Ord.* 6) mun hafa verit Þórd Þórðarson köftr, de quo Laxd. s. cap. 43 (*Udg. C. 63*). *Forf.*

ok biðr hún þær at biða sín þær. Hún gengr heim at bænum ok sèr þær vegs ummerki; ok þá hún hefir lítið á, hverir þær liggja vegnir, gengr hún burt, ok stígr strax á hest, ok getr eigi um fyrir þeim hvat hún hafí heima sèt. Þær spyrja, hvat valdi hún komi svo skjótt aptr. Hún kveðr eyrindit eigi hafa krafit lengri tafar; ríðr nú sem skjótast til næsta bæjar, sem heitir Kelda¹, ok hittir þær klerk einn, frænða sinn, sem Eldjárn² hèt, ok segir honum tíðindin; bregðr hann við strax, ok tekr menn með sèr at sjá líkin, sendir boð á næstu bæi, ok flýgr nú þegar þessi viðburðr um Borgarfjörð, ok er at vörmu spori farit at leita Suorra, ok þeysast vestr um Hvítársíðu, þann veg er líkast þótti hann ríðit hefði, ok hafa þeir eigi af honum. Föll þeim nú allilla, at Snorri gekk svo úr greipum þeim, ok þá enn fremr, er þeir frèttu hann hefði legit þær í búfjárbögum um daginn, ok virðist þeim nú Snorri helzt til slægr orðit hafa; settu þeir þá í lög sín, at hverr maðr skyldi vera skyldr at leita strax um landeigu sína at veganda, ef víg væri vakit innan héraðs. Líðr nú vetrinn eptirkomandi ok fram at alþingi, ok búa þeir eptirmálin Borgfirðingar, ok oru eigi þeir aldauda, er fylgdu at þeim málum. Eru nú þessi mál uppi höfð á alþingi³, ok heldr Snorri svari vegna manna sinna, ok er hann ljúfr at svara fébótum; gengr sá dómr á málit, at víg Styr ok Þorsteins skuli fallast í faðna, en synir Þorsteins bættir eec silfrs⁴, ok hèt Snorri uppi fébótum fyri menn sína; skulu iij þeirra⁵ fara at laudi burt, ok vera fyrir utan iij vetr; greiðir Snorri bætruar á sama þingi, en hiuir fara samsómars utan, er til voru dæmdir. Lyktar nú þannig þessum málum at sinni.

Af Heiðarvígum.

13. Guðmundr⁶ hèt maðr, hann bjó í Ásbjarnarnesi á

1) minnir mik, heldr en Klúka eðr Lækr, *Forf. Navnet Lækr, naml. Varmalækr, er udentvið í det rigtíge.* 2) m. m. *Forf.* 3) „1013, en eptir Eyrb. s. 1009.“ *Forf. i Margen.* 4) m. m. *Forf.* 5) m. m. *Forf.* 6) Guðmundr var Sölmundarson, sá Sölmundr var Eylífsson, ok bjó í Ásbjarnarnesi fyrir son sinn Guðmund; hans dóttir var Þuríðr

Vatnesi; Guðmundr hafði verið hinn mesti garpr ok röskv-asti drengr, en var kominn í elli, þá þessi saga gjörðist; hann átti iij sonu: Hallr hét sá elzti, Barði¹ annarr, þriði Steingrímur. Hallr var í kaupfeidum jafnan, spakr at viti, ok hinn beztí drengr. Svo bar við, þá hær var komit sög-urnni, at hann var staddr í Noregi, sem optar, næsta sumar eptir fall þorsteins. Í Björgvin² voru fyri þeir Háreks-synir³, ok spyra þar til Kolskeggs, sem fyrr er getið at fylgdi Snorra at drápi þorsteins. Þá Hárekssynir urðu hans varir í bænum, leituðu þeir hans⁴, at þeir gæti hefnt á hon-um fyri víg þorsteins; hann var ok mágr⁵ Snorra. Kol-skeggr leitar undan; en þeir ná ljárhlut hans, en honum eigi; þetta var um vorit⁶, er hann nú félanss ok farþurfi, falar allstaðar far, en fær hvergi; hittir Hall, ok biðr liðs, kvartar um hrakning sinn ok bágendi. Hallr gefr honum skip sitt ok nokkurn kaupeyri, svo hann kemst undan, ok ferr til Englands⁷. Hallr leitar sèr nú fars til Íslands, ok

gyða (r. gyða), systir Guðmundar; hana átti Þorsteinn Íngimundarson á Hofi í Vatnsdal; þeirra son Íngólfr fagri; hans dóttir Jórunn, er átti Ásgeirr æðikollr á Ásgeirsá, faðir Kálfs ok Hrefnu, er Kjartan Ólafsson átti, v. Vatnsdælas., ok Landn. p. 93 ok 96 (III, 4 og 6). Laxdælas. c. 20 (Udg. C. 31) segir, at Guðmundr eignaðist Þuríði, dóttur Ólafs þá; þeirra synir: Hallr, Barði, Steinn ok Steingrímur, en dætr Óluf ok Guðrún; Þuríðr var skapstór ok skörúngur mikill, sem í þessari sögu má síðar sjá. Forf. — *Det følgende er Begyndelsen af den af nogle saakulde Heiðarvíga saga, der, saavidt man af Uddraget har Grund til at antage, kun har været be- tragtet i Oldskriftet som et særskilt Afsnit eller Anhang til Sa- gaen af Víga-Styrr.*

1) hann er kallaðr Víga-Barði Landn. p. 96 (III, 6), ok eins í Vatnsdæla sögu. Forf. 2) m. m. Forf. 3) Disse Háreks-Sønner nævnes ikke før, sandsynligviis fordi det hvad om dem er blevet berettet har staaet i Sagaens første Deel, som forlængst er aldeles tabt. Man kan med temmelig Sikkerhed antage, at de have været Sønner af Hárekr paa Háreksstöðum i Nordrárdal, i Borgarfjorden, og Sønnesønner af Örn hinn gamli, jfr. Landnámab. II, 3 (I. B. S. 70). 4) Her ophører R og har tre Sider uskreonc. 5) m. m. Forf. 6) Aarstallet 1014 i Margen. 7) at m. m. Forf.

fær hvergi, ferr hann út til þrándheims, ok sinnr þar mann, er þorgils hét, þeir höfðu átt félag saman fyrri, en höfðu þá skilit. Hallr biðr hann fars; hinn tekr því tregliga. Hallr mælti, at hann vænti bezt til hans hjálpar, því þeir hefði mælt þat fyrrum, þá þeir voru í félagi saman, at hvorigir skyldi hendr við öðrum begja, ef annarr þyrfti hins liðs í nauðsyn. Þorgils lætr þá til leiðast, at hann fái farit, þó eigi með öðrum kosti en hann kaupi skipit hált af sèr, ok þetta gjörir Hallr. Hárekssynir spyrja, at Hallr hefir undan skotið Kolskegg, ok sè skipráðinn hjá þorgils; sjá þeir, at þeir hafa mist mannsins, ok snúast at Halli. Verða þeir Hallr siðbúnir; ok svo skjótt sem byrr rann á, leggja þeir út undir ey þá í þrándheimi, er Fólskn heitir, ok liggja þar nokkurar nætr fyri byr. Bóndi einn lítill bjó í eyjunni, hann var vitlitill ok vesalmenni, hann átti þar allgóðan skóg; skipverjar þeirra þorgils fóru þángat, ok hjuggu sèr esnivíð; en bónda líkaði illa, ok knurraði um. Þeir Hárekssynir fá njósu af, at þeir Hallr liggja undir eyinni, taka sèr nú lítinn bát, ok róa þángat víj saman frá skipi sinu um nótt, upp at eyinni annarsvegar, tala við bónda ok spyrja, hversu spakir kaupmenn sè, eðr hvort stýrimaðr sè á skipi jafnan; hann segir þeim allt af létta, at þeir sè óspakir, ok gjöri sèr miklar skeimmdir á skógi sinum, en Hallr banni þeim, ok því sè sèr bezt til hans þokkat. Þeir láta sem þeir eigi leyndarmál við Hall at tala, slá til kaups við bónda, ok gefa honum hálsa mörk silfrs, ef hann geti komit Halli á sinn fund, svo eigi sè aðrir við staddir. Bónda grunar, at hær muni prettr undir búna, en þykkir þó sagrt fèit, tekr við ok lofar þessu; ferr þar eptir til Halls, ok hrósar góðmennsku hans, er hann banni at spilla skógi sinum, vili hann nú launa honum með því, at gefa honum lof til at hoggva sem honum likar, þar beztr er skógrinn, ok skuli hann koma með sèr. Hallr gegnir þessu fálaga í fyrstunni, leiðist þó til við sagrmæli bónda, ok fylgist með honum í rjóðr eitt, þar beztr var skógrinn. Eigi höfðu þeir þar lengi staðit, áðr bóndi gengr

frá Halli, skilr hann þar einan eptir, ok læzt nokkut hafa eyrinda. En þá bóndi er burtu, hlaupa þeir Hárekkssynir allir saman úr launsátrinu at Halli, ok vega þar strax at honum, svo þar skipti engum orðum, ok engri vörn kemr hann fyrri sik; vega þeir hann þar, hylja hræ hans, ok róa þar eptir í skyndingu burt. Skipverjum Halls þykir seinka aþtrkvomu hans, spyrja bónda, hvar hann hafi skilizt við hann; en bóndi lætr sem hann hafi gengit frá sér í skóginum; trúa þeir honum illa, taka hann ok kúga til sagna, svo hann verðr at láta hit sanna uppi; vísar hann þeim hvar hann gekk seinast frá honum, finna þeir Hall þar dauðan ok dysja hann, en festa bónda þar jafuskjótt upp. Hárekkssynir þykkjast nú nokkru hafa á veg komit um hefudírnar, fara sem fljótast suðr með Noreg ok allt til Danmerkr, ok at áliðnu sumri brjóta þeir skip sitt í spón við Jótlands-síðu, svo enginn af komst.

